

Múlaþing  
Sóley Valdimarsdóttir  
Lyngási 12  
700 Egilsstaðir

Reykjavík, þriðjudagur, 1. febrúar 2022  
UST202201-161/B.S.  
10.04.02

**Efni: Aðalskipulag Djúpavogshrepps - veltenging og fráveitumannvirki. Lýsing.  
Umsögn**

Vísað er til erindis Múlaþings dags. 17. janúar sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda framkvæmd.

Um er að ræða fyrirkomulag annars vegar nýrra fráveitumannvirkja og skólphreinsistöðvar og hins vegar ný aðkoma að hafnarsvæð í Gleðivík vegna aukinna umsvifa á svæðinu.

Umhverfisstofnu telur að í lýsingunni sé gerð grein fyrir áherslum og er greinargerðin nokkuð ítarleg. Umhverfisstofnu telur að við lagningu aðkomuvegar frá Hringvegi 1 eigi að reyna að skerða klettaganga sem minnst og miða leiðaval við það því þessar jarðmyndanir setja mikinn svip á umhverfið við utanverðan Berufjörð og ætti ekki að raska þeim ef unnt er að komast hjá því.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnu ekki athugasemdir við lýsinguna

Virðingarfyllst

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

  
Agnes Þorkelsdóttir  
Sérfræðingur